



Akureyrarbær

Niðurstöður íbúðings í Hofi, Akureyri

8. nóvember 2012



(Tekið saman af Environice/Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. nóv. 2012)

Innihald

1. Inngangur	3
2. Samantekt – helstu áherslur.....	3
Skipulag og samgöngur.....	3
Græn svæði og útivistarsvæði	4
Hjóla- og göngustígar.....	4
Strandsvæðið - Pollurinn	4
Miðbærinn	4
Fjölskylda	4
Velferð	5
Menntun.....	5
Tómstundir	5
Atvinna	5
Umhverfi.....	6
3. Niðurstöður hópa	7
Hópur 1.....	7
Hópur 2.....	9
Hópur 3.....	11
Hópur 4.....	13
Hópur 5.....	15
Hópur 6.....	17
Hópur 7.....	19

1. Inngangur

Akureyrarbær efndi til íbúðapings í Hofi á Akureyri fimmtudaginn 8. nóvember nk. kl. 16:30-20:30 í þeim tilgangi að fá fram hugmyndir íbúa um framtíð samfélagsins til langs tíma og skapa þannig grunn að nýrri langtímaáætlun í anda Staðardagskrár 21.

Akureyri var í hópi fyrstu sveitarfélaganna á Íslandi sem byggðu áætlanir sínar á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þessi hugmyndafræði gengur í aðalatriðum út á að skoða sérhvert mál í stóru samhengi út frá vistfræðilegum, samfélagslegum og efnahagslegum þáttum og reyna að sjá fyrir hvaða áhrif ákvarðanir í samtímanum hafa á hag komandi kynslóða, nær og fjær. Aðalmarkmiðið er að afkomendur okkar geti lifað góðu lífi – í Akureyrarbæ, á Íslandi og hvar sem er í heiminum.

Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun ganga alla jafna undir heitinu Staðardagskrá 21. Hins vegar er nafnið ekkert aðalatriði, það er innihaldið sem skiptir máli. Fyrsta Staðardagskráin fyrir Akureyri var samþykkt í bæjarstjórn 24. apríl 2001 eftir að hafa verið tvö ár í smíðum. Þar með skipaði Akureyrarbær sér í fremstu röð sveitarfélaga á Íslandi hvað þetta varðar, og hefur haldið þeirri stöðu upp frá því. Síðan þá hefur Staðardagskráin verið endurskoðuð tvisvar, fyrst 2006 og aftur 2010. Íbúðapíngið í Hofi var liður í þriðju endurskoðuninni.

Íbúðapíngið var með þjóðfundarfyrirkomulagi, þar sem allar hugmyndir voru jafnvelkomnar. Umhverfisnefnd og Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar stóðu fyrir þinginu, en Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS í Borgarnesi, var bænum innanhandar við undirbúning og framkvæmd. Til þingsins mættu um 70 manns sem unnu saman í 7 hópum. Hver hópur um sig valdi sér þrjá málaflokka til umfjöllunar, sem allir áttu það sameiginlegt að skipta miklu máli fyrir framtíð byggðarlagsins. Niðurstöður hvers hóps voru kynntar stuttlega í lok hópunnar.

Þetta skjal hefur að geyma helstu niðurstöður íbúðapingsins eins og þær birtust í niðurstöðum hópanna, auk stuttrar samantektar. Upp úr þessu skjali verða síðan unnar tillögur að einstökum verkefnum sem verða kjarninn í endurskoðaðri Staðardagskrá 21 fyrir Akureyrarbæ.

2. Samantekt – helstu áherslur

Skipulag og samgöngur

Skipulagsmál Akureyrarbæjar voru rædd í öllum hópum. Við skipulag Akureyrar verði horft til framtíðar með náttúrugæði og búsetugæði að leiðarljósi. Vanda þarf til verka og tryggja að samþykktum skipulagsáætlunum sé framfylgt. Skipulag bæjarins miði að því að draga fram sérstöðu bæjarins og tryggja að náttúrumyndir og önnur einkenni njóti sín. Auka þarf samráð við íbúa um skipulag hverfa og heildarskipulag bæjarins.

Markmið í skipulagi bæjarins þarf að vera að þetta byggð til hagræðis í rekstri bæjarsjóðs, orkusparnaðar og betri nýtingar lands. Leggja þarf áherslu á aðgengilegar almenningssamgöngur og hjóla- og göngustíga.

Græn svæði og útivistarsvæði

Græn svæði og útivistarsvæði eru mikilvæg í öllum hverfum og þau þurfa að vera aðgengileg hjólandi og gangandi vegfarendum. Bæta þarf umhirðu og viðhald núverandi svæða og fjölga svæðum. Hanna þarf svæði í samræmi við áhugamál almenninga, hugsanlega hafa ræktunargarða innan slíkra hverfissvæða, leiktæki og brekku. Skipuleggja svæðin með það að markmiði að auka nýtingu þeirra og efla samkennd í hverfum bæjarins.

Hjóla- og göngustígar

Allt skipulag miði að því að gera umferð gangandi og hjólandi mögulega um allan bæinn. Skilgreina þarf æskilegan forgang gangandi og hjólandi. Bæta þarf þá göngustíga sem þegar eru til staðar og fjölga góðum stígum, auk þess sem bæta þarf þjónustu sem er jafn mikilvæg á stígum og á götum (sorpílát, vetrarþjónusta, bekkir). Markmiðið þarf að vera að skipulag bæjarins hvetji fólk til útivistar og að þægilegra verði að ferðast um alla bæjarhluta hjólandi og gangandi en á bíl. Fjarlægja þarf óþarfa hindranir og krókaleiðir á stígum og efla kjarnþjónustu sem dregur úr notkun einkabíls. Áhersla verði lögð á öryggi vegfarenda, einkum á þeim stígum þar sem börn og ungmenni ferðast mikið um.

Draga þarf úr umferð einkabíla og lækka umferðarhraða um bæinn og í gegnum bæinn. Útblástur er vandamál á Akureyri og því þarf skipulag samgöngumannvirkja að miða að því að draga úr útblæstri vegna umferðar.

„Þeir sem nota bara einkabíl eiga ekki að hanna hjólastíga“.

„Hættum að líta á umhverfisvænan samgöngumáta sem hobbý eða sérvisku“

Strandsvæðið - Pollurinn

Strandlengjan og Pollurinn verði varðveitt og svæðið skipulagt sem ein heild til framtíðar þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi og góðu aðgengi fyrir almenning. Svæðið verði ekki eyðilagt með vegum eða öðrum mannvirkjum og göngu-/hjólastígur liggi meðfram svæðinu allt að flugvelli og verði eitt af útivistarsvæðum Akureyrar. Skipulag á strandsvæðinu tengi saman Pollinn, strandmenningu, atvinnulíf og fjöruna. Við uppbyggingu verði lögð áhersla á sögu og menningu Akureyrar frá upphafi. Aukin áhersla verði lögð á strandsiglingar og millilandasiglingar.

Miðbærinn

Miðbærinn er tækifæri til eflingar mannlífs. Styrkja þarf miðbæinn með tengslum við Glerártorg og strandsvæðið. Hæð bygginga sé skipulögð með þeim hætti að byggingar ofar í brekkunni séu hærri en neðst við sjóinn. Akureyrarkirkja sjáist þannig frá göngustígum. Fjölga þarf útivistarsvæðum í miðbænum, og auka möguleika á lifandi miðbæ.

Fjölskylda

Akureyri verði fjölskylduvænn staður fyrir alla aldurshópa með góða innviði. Löggæsla, skóli, samgöngur, heilbrigðisþjónusta og félagslegar aðstæður verði eins og best verður á kosið fyrir unga sem aldna. Auka þarf gildi fjölskyldunnar sem einingar við ákvarðanir bæjarfélagsins. Styrkja þarf tengsl heimilis og skóla, heimilis og sveitarfélags. Efla þarf afþreyingarmöguleika sem tengja saman kynslóðir og stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Akureyri verði til fyrirmyndar í forvarnarmálum og leggi áherslu á jákvæð samskipti og samkennd íbúa. Á Akureyri verði virkt íbúalýðræði, þ.m.t. unglingalýðræði. Forvarnir verði teknar föstum tókum og lýðheilsa eflað. Sveigjanlegur vinnutími, samskipti milli kynslóða, öryggi barna og jöfnuður eru meðal lykilatriða í þessu sambandi.

Velferð

Heilbrigðisþjónusta og velferðarþjónusta sé í fremstu röð og aðgengileg öllum íbúum sveitarfélagsins, einnig í eyjunum. Standa þarf vörð um FSA, efla starfsemi þess og tryggja ákjósanlegt vinnuumhverfi fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Það er mikilvægt öryggisatriði fyrir landið allt að á Akureyri sé starfandi öflugt sjúkrahús. Þjónusta við aldraða og fatlaða verði eins og best verður á kosið, og þörfum þeirra mætt á margvíslegan hátt. Stoðþjónusta verði öflug við þá íbúa sem á þurfa að halda, almannavarnadeild tengd leit og björgun, og líknardeild verði komið á laggirnar.

Íbúar búi við öruggt umhverfi; Akureyri verði öruggur og ákjósanlegur búsetukostur fyrir fólk á öllum aldri og unnið verði frekar í lýðheilsumálum. Unnið verði að sjálfbærni í þágu fjölskyldunnar sem gerir fjölskyldum kleift að eyða meiri tíma saman og minni tíma í vinnu, án þess að það komi niður á lífsgæðum. Skapa þarf atvinnutækifæri fyrir fólk með mismunandi menntun fyrir mannsæmandi laun, með jöfn tækifæri kynja og jöfnuð í launamálum að leiðarljósi.

Menntun

Akureyri leggi áfram metnað í skólastarf og standi undir nafni sem skólabær. Skapa þarf meiri samfellu milli skólastiga og efla samstarf skólastofnana á öllum skólastigum við atvinnulífið á svæðinu og endurmenntunarstofnanir. Auka þarf samstarf milli annarra skóla á sama skólastigi innan lands og utan. Meiri áhersla verði lögð á verk- og tæknimenntun á öllum skólastigum. Tryggja þarf samfellu í skóla- og tómstundastarfi barna og unglunga svo að þau ljúki sínum vinnudegi eigi síðar en kl 16:00 dag hvern. Auka þarf nýsköpun í skólastarfi s.s. með auknum áherslum á heilsufræði og náttúrufræði og hverfisvitund. Standa þarf vörð um Háskólann á Akureyri, styrkja hann og efla og taka upp nýjungar s.s. nýjar námsleiðir, opnari háskóla, málstofur og námskeið. Vöggustofur verði á leikskólum.

Tómstundir

Mikilvægt er að tómstundir séu hluti af vinnudegi barna og unglunga. Samfella sé í starfi skóla og tómstunda, aðgengi barna að tómstundum verði óháð fjárhagslegri stöðu foreldra, og aðgengi gangandi og hjólandi að skólastofnunum verði til fyrirmyndar

Auka þarf fjölbreytni í tómstundastarfi sem mætir þörfum breiðs hóps. Íþróttir hafa mikið forvarnargildi. Leggja þarf áherslu á kynningu á öllum íþróttum (hreyfingu og hugaríþróttum). Skipuleggja þarf íþróttumhverfið þannig að börnum sé auðveldað að velja íþrótt við hæfi - félög slást um iðkendur. Ofuráhersla á keppnisíþróttir getur stuðlað að brottfalli. Vinna þarf markvisst að því að minnka rígin milli Þórs og KA, og jafna þarf aðstöðu ungs fólks á landsbyggðinni til keppnisíþróttar.

Atvinna

Á Akureyri verði fjölbreytni í atvinnulífi. Áhersla verði lögð á hafnarstarfsemi, listir og ferðarþjónustu. Akureyrarbær gangi á undan með fordæmi um sveigjanlega vinnutíma og fleira sem laðar að fólk til starfa og minnki vinnuálag sem gefi meiri möguleika til sjálfbærni; frítt í strætó, frítt metan, aukin kostnaðarþátttaka sveitarfélagsins í tómstundum barna og dagvistun.

Hafnarbærinn Akureyri státi af líflegri strandmenningu, fiskveiðum, skipasmíðum og flutningum og verði hliðið að heimskautasvæðinu. Akureyri verði Norðurslóðamiðstöð með forystuhlutverk og góða þjónustu í víðasta skilningi. Efla þarf heilsugæslu og björgunarpátt norðurslóða. Sjúkraflug og björgunarþyrflur þurfa að vera til staðar og Landhelgisgæslan ætti að vera á Akureyri.

Listabærinn Akureyri. Bærinn verði alltaf þekktur fyrir vönduð og fjölbreytt listform; myndlist, tónlist, leiklist o.fl. Jafna þarf möguleika barna og unglunga á tónlistarnámi óháð fjárhagsstöðu foreldra. Tengja þarf listnámsnemendur við sýningar í bænum, efla leiklist með ungu fólki og auka sýnileika hinna ýmsu listforma.

Ferðabærinn Akureyri. Efla þarf ferðapjónustu enn frekar og skilgreina og markaðssetja sérkenni bæjarins. Auka þarf menntun fyrir leiðsögumenn, byggja á strandmenningu og útivist, nota heita vatnið til uppbyggingar Spa- ferðapjónustu. Enn frekar þarf að byggja upp vetrarferðamennsku og gera Hlíðarfjall aðgengilegt allt árið sem viðkomustað ferðamanna. Auka þarf samstarf ferðapjónustuaðila og aðlaga þjónustustig fjölda gesta í bænum.

Umhverfi

Við skipulag Akureyrar verði horft til náttúrugæða til eflingar búsetugæða og ferðapjónustu. Sérkenni bæjarins njóti sín alltaf og skipulag miðist við það. Almenningsamgöngur verði efldar og umhverfisvænir samgöngukostir skipi stærri sess s.s. hjólandi og gangandi. Sjálfbær matvælaframleiðsla verði efld í samstarfi við atvinnulífið og lögð áhersla á kynningu og neyslu matvæla úr nærumhverfi. Úrgangsmálum og fráveitumálum verði komið í bætt horf, endurvinnsla aukin og dregið úr urðun úrgangs. Íbúar á Akureyri búi þar í sátt og samlyndi við umhverfi sitt, takmarki sóun á auðlindum og stuðli þannig að bættri orkunýtingu. Líta ber á umhverfismál sem atvinnumál og vinna að markmiðum um sjálfbæra þróun. Auka þarf flokkun úrgangs og efla ímynd bæjarins sem vistvæns áfangastaðar. Hafa þarf meira samráð við íbúa í umhverfismálum og efla umhverfisvitund almennings.

Endurheimta þarf fjöruna og fjölga útivistarsvæðum, Gilið verði græn gata og Akureyri verði fyrsti plastpokalaus bær landsins árið 2030. Minnka þarf áherslu á einkabílinn og draga úr útblæstri – og gera fleiri matjurtagarða fyrir almenning.



3. Niðurstöður hópa

Hópur 1

Skipulags- og samgöngumál

Samgöngumál, skipulag strandsvæðis til eflingar strandmenningar, útivistarsvæði, hjóla- og göngustígar. Ásýnd Akureyrar.

- Skipulagsmál. Skipuleggja til framtíðar og standa við samþykktar skipulagsáætlanir. Tryggja öryggi íbúa með góðu skipulagi (jarðgöng, stytta vegalengdir, fjarskipti). Kjarnauppbygging; (Matvælakjarni, skóla- og vísinda/rannsókn kjarni). Skipulag miði að því að ásýnd bæjarins haldist, - t.d. háar byggingar á sérstökum stað. Framtíðarskipulag fyrir strandsvæðið, enduruppbygging Torfunefs.
- Samgöngumál. Akureyri verði þjónustukjarni austur og vestur. Styrkja flugsamgöngur, og sjósamgöngur. Stytting vegleiða.
- Almenningsamgöngur. Strætó út á flugvöll, hjólahaldara á strætó, og spurvagn upp í Hlíðarfjall.
- Stemma stigu við hraðakstri innanbæjar og breytingar á akstursleiðum gerðar í samráði við íbúa.
- Draga úr bílaumferð og efla umferð hjólandi og gangandi með bættri þjónustu á göngustígum, fleiri göngustígar innan sveitarfélags og milli sveitarfélaga. Gera heildstætt stígakerfi sem hvetur til hjóla/gangandi. Bíllausir framhalds-/háskólar.
- „Hættum að líta á umhverfisvænan samgöngumáta sem hobbý eða sérvísku“
- Samgöngumiðstöð fyrir allar samgöngur.

Skólamál

Samvinna milli menntastofnana og við atvinnulífið. Skapa þarf ný tækifæri í menntun, s.s. verkmenntun utan skóla.

- Samstarf verði aukið milli menntastofnana á Akureyri á sama skólastigi, milli skólastiga og við atvinnulífið.
- Samstarf aukið við aðrar skólastofnanir innan lands og utan á öllum skólastigum.
- Samfella í skóla- og tómstundastarfi fyrir börn á grunnskólaaldri.
- Auka áherslu á verkmenntun, - tengjast atvinnulífinu.
- Auka nýsköpun í skólastarfi; auka veg íþróttar /heilsufræða í skólastarfi, auka stuðning og skilning á félagsstörfum.

Ferðamannaiðnaður

Akureyri sem ferðamannabær; sérstaða bæjarins skilgreind.

- Gera skólafólki kleift að annast leiðsögn t.d. með námskeiðum og þjálfun. Gera íbúa meðvitaðri um eigið nágrenni sem gerir þá í stakk búna að miðla upplýsingum til ferðamanna.

- Skilgreina og selja sérstöðu Akureyrar.
- Byggja upp heilsutengda ferðapjónustu með sundlaugina sem „SPA“- stað
- Byggja upp vetrarferðamennsku, kláf í fjallið.
- Auka samstarf ferðapjónustuaðila sem stuðli að heilsársferðamennsku og vinni að því að ferðamenn stoppi lengur.
- Afþreying og þjónusta þarf að vera til staðar fyrir ferðamenn, opnunartímar og aðgengismál þurfa að vera í samræmi við fjölda gesta.

Einstaka hugmyndir :

- Endurgerð tréskipa/smíði tréskipa
- Opin framleiðslufyrirtæki
- Hjólastígur frá Grenivík til Dalvíkur
- Norðurljósamiðstöð
- Sædýragarður
- Samgöngumiðstöð fyrir Norðurland í nýrri flugstöðvarbyggingu
- Efla viðburðaferðamennsku



Hópur 2

Heilbriggt fjölskyldulíf

Skipulag verði fjölskylduvænt, áhersla lögð á góða þjónustu við íbúa s.s. íþróttta-og tómstundamál, fjölmenningu og öldrunarmál. Íbúar búi við öruggt umhverfi.

- Fjölskyldan mikilvæg eining. Efla hana með samverustundum og styrkja tengsl heimilis og skóla, heimilis og sveitarfélagsins. Minnka almennan vinnutíma til kl 16:00.
- Efla forvarnir, tryggja að aðgengi að sérfræðipjónustu og heilbrigðisþjónustu sé gott
- Öruggt umhverfi; öryggi, öruggt húsnæði, tengslanet (afi og amma).
- Íþróttir og tómstundir; lækka kostnað en jafnframt tryggja framboð af fjölbreyttu tómstundastarfi í bænum. Samfella sé frá 6-18 ára. Samþætting menntunar og tómstunda.
- Samfélagsleg þátttaka
- Grunnskólar
- Íslenska- móðurmálið
- Kostnaður fjölskyldu við leikskóla og fæði í skólastofnunum
- Skilgreining heimilisins: fjárhagur, þjónusta, öryggi (höfn).

Atvinna og menntun

Góðir og fjölbreyttir menntunarmöguleikar. Fjölbreytt atvinnulíf og atvinnuöryggi. Íbúalýðræði.

- Menntun- Skólabærinn Akureyri. Heildstætt nám gegnum öll skólastig. Samstarf við íþróttafélög og tómstundastarf á öllum skólastigum til efla íþróttir, heilsu og tómstundir. Grunnskólar skapi sér sérstöðu og samfella við tómstundaskóla. Gæði skólastarfs á öllum skólastigum.
- Styttta grunn-og framhaldsskólanám, lenging skólaársins. Hærri laun til kennara.
- Efla verkmenntun og tengjast betur atvinnulífinu.
- Efla Háskólann á Akureyri með fleiri námskeiðum og samstarfi við atvinnulífið. Styttta háskólanám. Styðja við bakið á námsmönnum, tryggja nægilegt framboð á húsnæði og námsráðgjöf. Auka samskipti við erlenda háskóla
- Fjölbreytt menntun í tengslum við fjölbreytt atvinnulíf.
- Atvinnumál. Atvinnuþróun, atvinnutækifæri fyrir alla, endurmenntun. Sköpun – virkni - samskipti. Efla stóra vinnustaði.
- Ferðaþjónusta. Tryggja samgöngur á sjó og landi, leggja áherslu á ferðaþjónustu og einkum lítill og meðalstór fyrirtæki = fjölbreytni. Beint flug til útlanda. Markaðssetning ferðaþjónustu.

Hreint/vistvænt bæjarfélag

Áhersla verði lögð á vistvænar samgöngur og umhverfismál, þ.m.t. úrgangsmál (sorp og fráveita) og landgræðsla.

- Góðir göngu- og hjólastígar. Skipulag umferðarmannvirkja verði hvetjandi fyrir hjól og fætur og allur bærinn verði aðgengilegur á þann máta. Loka götum, sekta fyrir bílastæðabrot,

banna lausagöngu bifreiða. Réttur hjólandi tryggður. Efla kjarnabundna þjónustu sem dregur úr notkun bíla.

- Skipulagsmál- skipulag hvetji til útivistar (göngustígar, græn svæði, þétting byggðar). Fólkvangur
- Samgöngur. Vistvæn/græn orka í samgöngum. Rafbílar, bæta almenningssamgöngur.
- Úrgangsmál. Flokkun gerð möguleg í nærumhverfi. Leggja áherslu á endurvinnslu úrgangs og samfélagsábyrgð = Sorpábyrgð!
- Sjálfbærni í matvælaframleiðslu í samstarfi við atvinnulífið.
- Flugsamgöngur verði bættar.



Hópur 3

Samgöngur, skipulag og umhverfi

Skipulag samgöngumannvirkja hafi það að markmiði að auka veg gangandi og hjólandi og draga úr umferð einkabíls. Líta ber á umhverfismál sem atvinnumál og vinna að markmiðum um sjálfbæra þróun. Auka flokkun úrgangs og efla ímynd bæjarins um vistvænan áfangastað.

- Hafa samráð við íbúa hverfa við skipulag. Efla hverfi með bættum hjóla/göngustígum, leiktækjum og útivistarsvæðum sem innihaldi a.m.k. eina brekku.
- Útblástur er vandamál, draga þarf úr umferðarhraða, fleiri 30 km/klst. hverfi.
- Bæta, fjölga og þjónusta betur hjóla/ og göngustíga. Taka af hindranir og krókaleiðir af stígum „þeir sem nota bara einkabíl eiga ekki að hanna hjólastíga“.
- Allt skipulag sé unnið með sjálfbærni í huga. Íbúar taka ekki mikinn þátt í skoðanaskiptum um skipulags/umhverfismál.
- Fleiri græn svæði.
- Smábátaleiga til Hríseyjar- þar boðið upp á hákarl og saltfisksupplifun.
- Umhverfismál eru meira en sjónrænir þættir, efla þarf umhverfisvitund íbúa.
- Of lítill augljós hvati til að taka þátt í umhverfisvernd.
- Matarkista Akureyrar- mat úr nærumhverfi.
- Almenningsamgöngur eflar og samræmdar þörfum íbúa, s.s. með tengingu við tómsundaiðkun barna og unglunga. Umbuna þeim sem nota aðrar samgöngur en einkabíl og samræma aðrar tengingar s.s. til annarra þéttbýliskjarna, Hríseyjar og Hrafnagils.
- Flugvöllinn áfram í Vatnsmýri og beint flug til útlanda.

Velferð

Lýðheilsa verði bætt og á Akureyri verði að finna heilbrigðar fjölskyldur. Heilbrigðisþjónusta í fremstu röð. Áhersla verði lögð á uppeidismál í víðasta skilningi með góðum menntastofnunum og samspili skóla, íþrótt- og tómstunda og atvinnulífs. Akureyri skapi öruggt og uppbyggilegt umhverfi fyrir börn.

- Tryggt verði að heilbrigðisþjónusta sé góð á Akureyri og í Hrísey. Standa vörð um FSA og tryggja ákjósanlegt vinnumhverfi fyrir heilbrigðisstarfsfólk.
- Forvarnir verði teknar föstum tókum og lýðheilsa verði eflað.
- Skólasamfélagið styrkt enn frekar og metnaður lagður í að boðið sé upp á framúrskarandi menntun á öllum skólastigum.
- Efla tengsl skóla og annarra stofnana s.s. dvalarheimilis.
- Efla verk- og tæknimenntun.
- Samþætta skólastarf og tómstunda-/tónlistarnám barna á grunnskólaaldri og tryggja jafnt aðgengi að tómstundum barna óháð efnahag foreldra.
- Auka gildi fjölskyldunnar sem einingar við ákvarðanir bæjarfélagsins. Sveigjanlegur vinnutími, samskipti milli kynslóða, öryggi barna og jöfnuður.
- Efla lýðheilsu, m.a. auðvelda íbúum hreyfingu utandyra, heilsusamlegar skólamáltíðir úr héraði.

- Til að Akureyri standi undir nafni sem fjölskyldubær,- hætta að senda innheimtufyrirtæki á íbúa.

Atvinnu- og menningarmál

Fjölbreytt atvinnulíf með áherslu á stuðning við og aðgengi að menningarmálum. Samstarf skóla og menningarstofnana. Ferðaþjónusta verði eflað, sérstaklega vetrarferðamennska.

- Efla tengingu milli skólastofnana og atvinnulífs.
- Auka þekkingu íbúa á vörum framleiddum í nærumhverfi.
- Efla samstarf við stofnanir innan svæðis og utan, og ríkið með möguleika á fjarvinnslu verkefna.
- Jafnvægi í vali verkefna, kynjajöfnun.
- Umhverfismál sem atvinnumál,- vistvænar veiðar, náttúruskoðun, fullvinnsla afurða, lífrænt, vinnsla á lyfjum, te, grænmeti og kryddi. Verndun líffræðilegrar fjölbreytni.
- Menningarmál eru mikilvæg atvinnumál. Tengjast inn á málefni norðurslóða með rannsóknum og kynningu, samskipti við aðrar norðurslóðaþjóðir. Samstarf við aðrar atvinnugreinar í menningarmálum. Þátttaka í menningarmálum á að vera óðháð tekjum og annarri stöðu.
- Menningarviðburð á alþjóðavísu og nýta allan bæinn (Grímsey og Hrísey meðtaldar).
- Ferðaþjónusta mikilvæg atvinnugrein sem þarf að efla. Áhersla á vetrarferðamennsku og strandmenningu. Heilsutengda ferðaþjónustu skútusiglingar á norðurslóðir. Efla Gásir og fornminjaferðamennsku.

Einstaka hugmyndir:

- Vetraríþróttahátíð
- Þýrluferðir á Kaldbak/hálendi og jökla
- Kláfur í fjallið
- Samvinna ferðaþjónustuaðila
- Beint flug til útlanda
- Gera flottasta brettasvæði á landinu í fjallið
- Nýta fjallið á sumrin, t.d. með opnum lyftum, veitingastaðir.

Hópur 4

Menning, ferðaþjónusta, listir

Markaðssetning ferðaþjónustunnar: Efla samstarf milli ólíkra þjónustuaðila, útgáfa kynningarefnis sem byggir upp jákvæða ímynd. Skilgreina sérstöðu Akureyrar (skíðabær, matarmenning). Markmið að halda farþegum skemmtiferðaskipa í bænum í auknum mæli, efla miðbæinn og bærinn verði útivistarparadís í hugum heimafólks og gesta, sbr. Queenstown á Nýja-Sjálandi.

Viðburðaferðamennska (Mærudagar, Fiskidagur). Líta á sveitarfélagið allt, þ.m.t. Grímsey og Hrísey.

- Bæta þarf salernisaðstöðu í miðbænum.
- „Lost in Iceland - Found in Akureyri“.
- Hlíðarfjall verði áfangastaður allt árið. Kláfur í fjallið, almenningssamgöngur.
- Sjávarlífsgarður og safn.
- Styðja við sjálfsprottið starf (Húni II).
- Sjálfbærasti bær í vestrænum heimi.
- Ekki fjölga skyndibitastöðum.
- Söfnin – Safnapassi.

Listir: Bærinn verði alltaf þekktur fyrir vönduð og fjölbreytt listform; myndlist, tónlist, leiklist o.fl. Jafna þarf möguleika barna og unglunga að tónlistarnámi óháð fjárhagsstöðu foreldra. Tengja listnámsnemendur við sýningar í bænum, efla leiklist með ungu fólki.

- Æfingaaðstaða fyrir unglingahljómsveitir.
- Miðbærinn verði miðpunktur götulistar, lifandi tónlistar og boðið verði upp á leiðsögn.
- Samstarf milli safna /tengingar.
- Strandsvæðið og pollurinn tengist miðbænum, mannlíf á strandsvæðinu.

Umhverfis og skipulagsmál

Vanda þarf til skipulags í miðbænum og úthverfum. Háhýsi í úthverfi?, breytingar á skipulagi verði ekki geðþóttaákvörðun. Miðbærinn er tækifæri til eflingar mannlífs. Síkið í miðbæinn.

- Fjölga göngu- og hjólastígum og bærinn skilgreini æskilegan forgang gangandi og hjólandi. Stígakerfið tengi græn svæði og útivistarsvæði auk þess sem stígarnir tryggi öryggi gangandi, einkum barna á leið til skóla. Stígana þarf að þjónusta t.d. með mokstri, hjólastæðum, sörpílátum og bekkjum. Kerfið hafi það markmið að gera hjólandi og gangandi umferð eftirsóknarverða og þægilegri en bílaumferð.
- Bæta umhirðu og viðhald á grænum og opnum svæðum, fjölga slíkum svæðum og bæta leikvelli. Virkja nærsamfélagið, fjölskyldur geti tekið svæði í fóstur.
- Efla og bæta almenningssamgöngur innan bæjar og milli svæða. Fjölga stoppistöðvum og þetta leiðakerfi, með það að markmiði að auðveldara verði að ferðast með strætó en bíl innanbæjar. Húrra fyrir Strætó til RVK.
- Flug mikilvægt. Beint flug erlendis, ekki bara pakkaferðir til sólarlanda, ekki leggja niður Reykjavíkurflugvöll, vantar morgunflug frá Akureyri sem gefur möguleika á dagsferðum. „Hér gæti búið SAN- fólk („sérfræðingar að norðan“)“.

- Akureyri verði til fyrirmyndar í sorphirðumálum og endurvinnslu, almennt sorp verði gjaldskyld en endurvinnsla án gjaldtöku.

Annað:

- Árið 2030 verði engir bílar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti á Akureyri.
- Varðveita gömul hús.
- Lyfta eða yfirbyggður rúllustigi fyrir gangandi, hjólandi og barnavagna upp Brekkuna (bætt aðgengi).
- Stöðvar með litlum rafbílum til leigu.

Skóli, tómstundir og forvarnir

- Leikskólar eru framúrskarandi,- fjölga þarf þeim og fækka börnum á deildum. Vöggustofur, frítt á leikskóla. Minnka stökkið úr leikskóla í grunnskóla. Skipta grunnskóla í 2 stig.
- Vantar forfallakennslu í grunnskóla og auka ætti vægi list- og verkgreina í grunnskólastarfi. Kenna lífsleikni og dyggðir og auka þátttöku foreldra í skólastarfi til ákvarðanatöku og þróunar í menntamálum. Lifandi raungreinar og sérdeildir fyrir fatlaða. Bæta tengingu við framhaldsskóla og atvinnulíf.
- Skilgreina samræmda tölvutíma sbr. útivistartíma eftir aldri barna, áhersla á fjölskylduvænt umhverfi.
- Aukið fjármagn í skilgreind verkefni.
- Fleiri námsleiðir ættu að vera í boði í HA, t.d. nám í frístundakennslu. Hvetja þarf karlmenn til menntunar í uppeldisfræðum og starfa í skólum.
- Akureyri verði til fyrirmyndar í forvarnarmálum og leggi áherslu á jákvæð samskipti. Endurskilgreina þarf hugtakið og stuðla að viðhorfsbreytingu- fleira en fíkniefni. Efla forvarnarstarf í skólum, íþróttastarfi, tómstundum.
- Á Akureyri verði virkt íbúalýðræði og unglingalýðræði „virkja - virða - skilgreina“. Íbúar trúfli óæskilega hegðun- samkennd.
- Koma tómstundum fyrir nálægt börnum í tíma og rúmi; samfelldur dagur þar sem skóla og öllu tómstundastarfi er lokið kl 16:00. Huga að almenningssamgöngum við tómstundastaði barna. Lögð verði áhersla á Íþróttar- og tómstundaskóla fyrir börn að 10 ára aldri. Auka fjölbreytni í tómstundastarfi og virkja sem flesta til að taka þátt. Akureyri styðji við íþróttar- og tómstundastarf barna að 10 ára aldri. Aukin kostnaðarþátttaka sveitarfélagsins í tómstundastarfi.
- Íþróttir hafa mikið forvarnargildi,- leggja áherslu kynningu á öllum íþróttum (hreyfingu og hugaríþróttir). Skipuleggja þarf íþróttahverfið þannig að börnum sé auðveldað að velja íþrótt við hæfi - félög slást um iðkendur. Ofuráhersla á keppnisíþróttir getur stuðlað að brottfalli (fylgjast með íþróttafélögunum). Vinna markvisst að því að minnka rígin milli þórs og KA/sameina þessi félög. Jafna aðstöðu ungs fólks á landsbyggðinni til keppnisíþróttar
- Aukin aldursdreifing í tómstundastarfi,- félagsmiðstöðvar verði með starf fyrir alla í hverfinu.
- Grunnskólinn taki yfir allt tómstundastarf- ná þannig betri nýtingu á mannvirkjum og dagurinn verður samfelldur.

Hópur 5

Málefni fjölskyldunnar

Jöfn atvinnutækifæri karla og kvenna ásamt jöfnuði í launamálum. Félagsþjónusta Akureyrarbæjar, málefni fatlaðra, málefni aldraðra í samráði við þá sjálfa, félagsþjónusta Akureyrarbæjar.

- Þjónusta við aldraða og fatlaða verði öflug, m.a. verði tækni nýtt í auknum mæli við heimahjúkrun. Eftirspurn eftir plássum á öldrunarheimilum verði mætt. Öldrunarheimili verði staðsett í blandaðri byggð þar sem eru græn svæði og gönguleiðir. Athuga stærðir í nýbyggingum öldrunarheimila m.t.t. hagkvæmni í þjónustu. Aldraðir hafi sjálfir yfirráð yfir eigin fjármunum og unnið verði að bættum lífeyri og afnámi tekjutengingar. Efla starfsemina í Hlíð.
- Fjölbreytt stoðþjónusta fyrir íbúa sem þurfa sérstakan stuðning vegna t.d. uppeldis barna, vegna stuðningsþarfa unglinga svo og fullorðinna.
- Fjölbreytt frístundaaðstaða í boði í bæjarfélaginu sem mætir þörfum breiðs hóps.
- Standa vörð um starfsemi FSA. Öryggisatriði fyrir landið allt að hafa öflugt sjúkrahús á Akureyri, aukin þjónusta við Austur- Grænland, stærra þjónustusvæði með tilkomu Vaðlaheiðargangna. Stofna líknardeild.
- Sjúkraflug áfram með heimastöð á Akureyri, m.a. vegna mikilvægis sjúkraflugs til Grænlands.
- Sjúkraflutningsskóli á FSA, nám í hjúkrunarfræði við HA og sjúkraliðanám í VMA styrkir allt hvað annað og mikilvægt að byggja á því til framtíðar.
- Flytja þarf opinber störf í þjónustu-og þekkingargeira til Akureyrar. Atvinnutækifæri fyrir alla og bjóða mannsæmandi laun.
- Styrkja/standa vörð um þekkingu í iðnaði tengdum skipum og útgerð (gamalt og nýtt handverk).
- Fjármunir sem verða til úti á landi þ.m.t. á Akureyri, eiga að nýtast til atvinnuuppbyggingar þar.
- Almannavarnadeild tengd leit og björgun,- þyrluflug, - náttúruvá.

Skipulag og samgöngur

Bæta samgöngur til SV-hornsins og nágrannasveitarfélaga. Bæta samgöngur sem byggja ekki á einkabílnum,- bæta göngu-og hjólastíga. Styrkja miðbæinn með tengslum við Glerártorg og hafnarsvæðið. Styrkja strandsvæðið, áhersla á Torfunesbryggju.

- Skipulag samgöngumannvirkja sé þannig að flæði haldist án tafa. Efla hjóla-/göngu stíga með það að markmiði að tengja saman hverfi- þétting byggðar. Græn svæði og húsavernd.
- Tillaga að gönguleið: Hringur úr miðbæ út á Glerártorg , um Brekkugötu hjá Baldurshaga, niður með Glerá að norðan um nýjan stíg, að neðstu brú yfir Glerá, meðfram Slippnum- um Hjalteyrargötu að Eimskipafélagsbryggju upp Strandgötu – upp í miðbæ.
- Tengja aftur Oddeyri – miðbær og opna frá Skátagili að sjó.
- Hæð bygginga sé skipulögð með þeim hætti að byggingar ofar í brekkunni séu hærri en neðst við sjóinn. Akureyrarkirkja sjáist frá göngustígum.

- Pollurinn og strandlengjan; bæta umhverfi sem eflir mannlíf við strandlengjuna. Aukin áhersla verði lögð á strandsiglingar og millilandasiglingar.
- Grímsey og Hrísey eru innan sveitarfélagsins.
- Almenningsamgöngur verði bættar, innanbæjar og til nágrannasveitarfélaga. Sameiginleg umferðarmiðstöð. Uppbygging Akureyrar með hagsmuni nágrannabyggðarlaga einnig að leiðarljósi. Tengja betur flugvöll, innbæ, miðbæ og Oddeyri. Vagnar séu aðgengilegir fyrir alla og fleiri stoppistöðvar.
- Útivistarsvæði.
- Háلكuvarnir fyrir gangandi/hjólandi.

Skólamál

Standa vörð um Háskólann á Akureyri. Samvinna skólastofnana á öllum skólastigum,- nota upplýsingatækni meira á öllum skólastigum.

Leik-og grunnskólar

- Boðið verði upp á vöggustofur á Akureyri, aukið val um stefnur leikskólanna (m.a. útivist).
- Börnum á grunnskólaaldri verði gert kleift að ganga í skólann – gönguleiðir, þétt byggð.
- Samstarf frístundaskóla og íþrótt- og tómstundafélaga. Akureyri verði í fararbroddi og hefji tilraunastarf í eflingu verknáms á grunnskólastigi. Draga þannig úr brottfalli nemenda.

Framhaldsskólar

- Efla verk- og tæknináms í framhaldsskólum í samstarfi við háskóla og atvinnulífið. Auka val (lýðháskólar) og stuðla að minni bílaumferð við framhaldsskólana með bættum gönguleiðum.
- Efla tengsl atvinnulífs við framhalds- og háskóla. Sí- og endurmenntun eflid og fjarnámsmöguleikar. Samspil atvinnulífs, framhalds- og háskóla ásamt Símey.

Háskólinn á Akureyri

- Efla tækni- og verkfræðináms. Standa vörð um HA, styrkja hann og efla, halda sjálfstæði hans. Opnari háskóli, málstofur og námskeið. Samvinna hagsmunaaðila, samstarfsnefnd HA og Akureyrarbæjar.
- Akureyri verði miðstöð kennslu í tréskipasmíði og málmsmíði (handverks)

Hópur 6

Fjölskyldubærinn Akureyri

Akureyri verði fjölskylduvænn staður fyrir alla aldurshópa með góða innviði. Löggæsla, skóli, heilbrigðisþjónusta og félagslegar aðstæður verði sem bestar fyrir unga sem aldna.

- Tengja skólastarf betur náttúru- og atvinnulífi á svæðinu ásamt afþreyingarmöguleikum til að auka möguleika fjölskyldunnar á samveru.
- Afþreyingarmöguleikar sem tengja saman kynslóðir: Fjölskyldufrístundamiðstöðvar, sandfjara/baðströnd, fleiri göngustígar sem hvetur til aukinnar hreyfingar. Pollurinn verði fjölskyldusvæði og áhersla sé lögð á almenningisþróttir en ekki bara keppnisþróttir. Sjávardýragarður.
- Samgöngur: Bæta strætó, halda áfram að hafa frítt í strætó (einnig Hríseyjarstrætó). Byggja almenningssamgöngur á einföldu kerfi. Bæta hálfuvarnir.
- Heilbrigðisþjónusta sé aðgengileg og örugg fyrir alla aldurshópa og umhverfi sé hættulítið fyrir börn. Velferðarþjónusta sé í lagi.
- Aukin hverfisvitund. Nýta skólana til að auka hverfisvitund, ná betri nýtingu á mannvirkjum.
- Sjálfbærni í þágu fjölskyldunnar: Vinna minna, grenndargarðar, hverfistrillur, hæsnarækt, taka slátur, góðar kartöflugeymslur.
- Tölvu-/rafmagnslaúsir dagar eða hátíð.

Atvinna og menntun

Á Akureyri verði fjölbreytni í atvinnulífi og námi. Akureyri verði hafnarbær (kjarninn í atvinnustarfseminni, efling strandmenningar, fiskveiðar, skipasmíðar, flutningar, heimskautshliðið, olía, ferðamannabær og menntabær).

- Menntabærinn Akureyri: Menntun á Akureyri verði fjölbreytt og í tengslum við atvinnulífið. Góð verk-og tæknimenntun, tölvu og upplýsingatækni nauðsynleg. Atvinnulífið komi að skólastarfi t.d. með gerð námsefnis og kynningum í skóla.
- Atvinnusköpun fyrir ómenntaða jafnt sem menntaða, endurmenntun og starfsþjálfun. Bærinn kaupi rannsóknahúsið Borgir.
- Bærinn gangi á undan með fordæmi um sveigjanlega vinnutíma og fleira sem laðar að fólki til starfa. 60% vinnubær, - minnka vinnuálag á íbúum með því að búa til meiri möguleika til sjálfbærni; frítt í strætó, frítt metan, ódýrari leikskólar = fólki þarf minna að vinna.
- Hafnarbærinn Akureyri ; Norðurslóðamiðstöð með forystuhlutverk; góða þjónustu í verslun, heilsugæslu og þjónustu við allar stærðir báta og skipa. Auka starfsemi og menntun tengda sjónum, bærinn verði alvöru hafnarbær með enn betri hafnaraðstöðu.
- Efla heilsugæslu og björgunarþátt norðurslóða. Sjúkraflug, björgunarþylur og Landhelgisgæsluna á Akureyri.
- Ferðabærinn Akureyri. Efla enn ferðaþjónustu sem sérstöðu Akureyrar og draga fram sérkenni bæjarins (fjallið og ströndin). Menntun fyrir leiðsögumenn, kynna strandmenningu, „slow-city“, hjartapemað eftl. Gönguferðir um bæjarlandið, heita vatnið til uppbyggingar

„Spa“ -menningar (fótabað fyrir ferðamenn í miðbænum). Sundlaugar sérhæfi sig, kapella í hjartað á heiðinni.

- Atvinnulífskygning/sýning á 5 ára fresti.

Náttúra og umhverfi- umhverfisvænn og náttúruvænn bær

Við skipulag Akureyrar verði horft til náttúrugæða. Eflir ferðaþjónustu og búsetugæði. Skipulag; umferð, göngustígar, byggingar, frístundasvæði. Sérkenni bæjarins fjallið, ströndin og áin.

- Náttúruumhverfi verði ekki lakara árið 2030
- Skipulagsmál: Ekki þetta byggð um of, takmarka hæð húsa, meira af bíllausum rýmum. Skipulag miði að því að bærinn verði eftirsóknarverður vetrarbær. Halda í einkenni bæjarins; garðímyndina og hætta að kæfa náttúruuminjar (klappirnar) í skógi. Síki í miðbæinn, skipulag á strandsvæðinu tengi saman Pollinn, strandmenningu, atvinnulíf og fjöruna. Gera Oddeyri að eftirsóttu íbúðasvæði án háhýsa. Endurheimta fjöruna.
- Glerá: Brýrnar og umhverfi verði til prýði og aðdráttar, fiskgengd.
- Rafmagnslínur í jörð, byggðalínan fari yfir sjó og gegnum Vaðlaheiðargöng.
- Almenningsamgöngur: Strætó á Dalvík og á þelamörk, kláf í fjallið.
- Auka aðgengi göngu-og hjólafélks með fleiri göngustígum. Þjónusta þá yfir veturinn einnig. Göngu-/hjólastígar í Glerárdal, meðfram strönd, úr smábátahöfn í miðbæinn. Útilistaverk á gönguleiðum sem tengja saman listir og náttúru. Markmið að Akureyri verði bíllaus bær 2030; þ.e að unnt sé að fara allra sinna ferða fótgangandi eða á hjóli.
- Auka útivistarsvæði í miðbænum: Gilið verði græn gata í stöllum fyrir sölustarfsemi, fjara með sólbaðsaðstöðu við Drottningarbraut, leikvöllur með óvenjulegum leiktækjum við Drottningarbraut.
- Plastpokalaus bær 2030. Akureyri verði fyrsta bæjarfélagið á Íslandi þar sem allar verslanir selja einungis tau- /bréfpoka.



Hópur 7

Þétting byggðar og samgöngur

Markmið í skipulagi bæjarins þarf að vera að þétta byggð til hagræðis í rekstri bæjarsjóðs og til orkusparnaðar. Leggja þarf áherslu á aðgengilegar almenningssamgöngur og hjóla- og göngustíga. Efla þarf flugvöllinn og finna leiðir til að nýta sjálfbærar orkuauðlindir.

- Þétting byggðar stuðlar að betri nýtingu lands, sparar tíma og peninga og hvetur til vistvænni ferðamáta (göngu og hjóla). Taka þarf tillit til opinna svæða og þjónustukjarna við skipulag í öllum hverfum. Þetta stuðlar að bættu félagslegu samneyti milli bæjarbúa.
- Endurskipuleggja þarf skipulagsmál innan bæjarkerfisins. Nýjar áherslur- nýtt fólk.
- Græn svæði/útivistarsvæði mikilvæg í öllum hverfum. Hanna þarf þau í samræmi við áhugamál almenninga, hugsanlega hafa ræktunargarða innan slíkra hverfissvæða. Eflir umferð um svæðin og stuðlar að fjölbreyttara mannlífi.
- Efla enn frekar leiðakerfi SVA. Bæta þarf aðgengi að upplýsingum, fjölga ferðum á álagstímum og tryggja að leiðakerfi liggi vel við verslun og þjónustu. Öflug umferðarmiðstöð. Nýta innlenda orku.
- Efla þarf göngu- og hjólastíga sem eru þjónustaðir allan veturinn. Vantar stíga meðfram strandlengju.
- Hjólagrindur á strætó.
- Nýta nýja orkugjafa á strætó og ferjur og gera þá aðgengilega almenningi. Metan, rafmagn.
- Annað: Þróun smábátamenningar, áfram tengiflug til Keflavíkur, einbreiðan aðalveg gegnum bæinn til að lækka umferðarhraða.

Pollurinn og strandlengjan

Uppbygging Pollsins og strandlengjunnar er mikilvæg til afþreyingar, útivistar og ferðaþjónustu.

- Strandlengjan og Pollurinn verði varðveitt og svæðið skipulagt sem ein heild til framtíðar þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi og góðu aðgengi fyrir almenning. Svæðið verði ekki eyðilagt með vegum eða öðrum mannvirkjum og göngu-/hjólastígur liggi meðfram svæðinu allt að flugvelli. Svæðið verði eitt af útivistarsvæðum Akureyrar.
- Rannsaka þarf og vernda lífríki Pollsins.
- Mengun sjávar- Akureyrarhöfn /Eyjafjörður stefni að því að fá Bláfánann. Koma þarf í veg fyrir mengun sjávar með bættum fráveitumálum.
- Tryggja þarf að framburður fylli ekki Pollinn, finna leiðir til að nýta framburðinn. Leiran er mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla - tækifæri til fuglaskoðunar.
- Nýta nýtt svæði sem myndast á Pollinum til uppbyggingar.
- Stangveiði verði leyfð frá Leiruvegi og austur úr. Ós Eyjafjarðarár er ekki við Hjalteyri,- íbúar eiga að geta veitt sér í soðið.
- Ferðaþjónusta við Pollinn, auka smábátalíf, fræðsla og kynning á strandsvæðinu, uppbygging með áherslu á sögu og menningu Akureyrar frá upphafi. Möguleikar á ferðamáta á sjó innan Eyjafjarðar. Siglingar um Pollinn, siglinganámskeið, alvöru skemmtibátahöfn við menningarhúsið. Þjónusta við erlend skip og báta.

Ábyrgir lífshættir

Atvinnumál og sorpmál- að hægt sé að rækta sér til matar. Akureyri verði í fararbroddi í endurvinnslumálum.

- Íbúar á Akureyri búi þar í sátt og samlyndi við umhverfi sitt, takmarki sóun á auðlindum og stuðli þannig að bættri orkunýtingu. Bærinn verði snyrtilegur.
- Efla þarf vitund almennings á umhverfi sínu, t.d. í gegnum fjölmiðla. Akureyrarbær ráði starfsmann til að kynna og halda utan um valdar hugmyndir til betra mannlífs, s.s. kynningarfulltrúa um endurvinnslu og úrræði varðandi endurvinnslu. Auka áhuga á endurvinnslu/endurunnum úrgangi.
- Allt plast endurunnið í Eyjafirði, urðun fari niður fyrir 10% af sorpi. Markviss meðferð á öllu sorpi, ekki fara með sorp í önnur sveitarfélög. Jarðgera garðaúrgang.
- Fráveitumálum komið í sómasamlegt horf- koma í veg fyrir mengun sjávar.
- Atvinnumál. Matur úr héraði, fullvinna og merkja svæðisbundnar afurðir.
- Atvinnulífið vinni í sátt við umhverfið, efla atvinnusköpun tengda endurvinnslu. Akureyringar taki ábyrgð á eigin sorpi.
- Átak í lýðheilsumálum.
- Fleiri matjurtagarðar innanbæjar fyrir almenning – rækta grænmeti til skrauts í bænum,- síðsumars geta vegfarendur nýtt sér það til átu.
- Draga úr umferð- nýta almenningssamgöngur.
- Beint flug til Köben.
- Krossanesborgir verði skipulagðar sem útvistarsvæði.

Aðrar hugmyndir að málaflokkum:

- Endurvekja sögu fiskveiða og skipasmíða
- Menningarmál
- Sjálfbærni
- Hreinna loft
- Heilbrigðismál
- Viðhalda líffræðilegri fjölbreytni í bænum
- Heilbrigðismál
- Úrræði í öldrunarmálum
- Styrking sjúkrahúss
- Fara vel með gamla fólkið
- Velferðarmál alla ævi
- Atvinnulífið og sjálfbærni
- Útivist: fjölbreytni, aðgengileg, sjálfbær
- Þróun og uppbygging menntabæjarins Akureyri
- Skólamál
- Menningarmál (gilið, Hof leikhúsið o.fl.)